



Afstaða, félag fanga

28. október 2014

/607

Dagsetning

Tilvísun

b.t. Guðmundar Inga Þóroddssonar

Fangelsinu Akureyri

Fangelsismálastofnun hefur mótttekið bréf þitt, dags. 12. september sl. vegna birtingar á reglum sem stofnunin hefur sett. Er óskað eftir upplýsingum um hvort stofnunin stefni að því að birta þær reglur sem hún hafi sett í B-deild Stjórnartíðinda. Spurt er sérstaklega um verklagsreglur um reynslulausn fyrir þá fanga sem voru 21 árs eða yngri þegar afbrot var framið.

Eins og fram kemur í bréfi stofnunarinnar, dags. 21. ágúst sl. er kveðið á um að í Stjórnartíðindum skuli birta reglugerðir og reglur sem stjórnvöldum og opinberum stofnunum er falið lögum samkvæmt að setja. Því er reglugerð nr. 961/2005 um fullnustu refsinga birt í Stjórnartíðindum, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga um fullnustu refsinga sem og reglur fangelsa, sbr. 3. mgr. 80. gr. laga um fullnustu refsinga og reglur um rafrænt eftirlit, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga um fullnustu refsinga. Verklagsreglur sem stofnunin hefur sett til viðmiðunar vegna töku ýmissa ákvarðana, s.s. reynslulausnar þeirra sem voru 21 árs og yngri þegar brot voru framin hafa hins vegar ekki verið birtar í Stjórnartíðindum þar sem einungis um verklagsreglur er að ræða en slíkar reglur er ekki birtar með þessum hætti.

